12. febrúar 2019

Minnisblað – útboð á söluhúsum við Ægisgarð

Ákveðið var að fresta framkvæmdum vegna söluhúsa við Ægisgarð árið 2018 og bjóða þau þess í stað út 2019. Í kjölfarið var hönnun breytt lítillega í samráði við fyrirtæki í hafsækinni ferðaþjónustu, bætt var við undirstöðum fyrir auka hús í framtíðinni, og opnað var á möguleika á því að hafa fleiri en einn aðila í tveimur húsum. Almenningssalerni var bætt við.

Stefnt er að því að bjóða verkefnið út í byrjun mars og að tilboð verði opnuð lok mars 2019. Gert er ráð fyrir því að smíði húsanna geti hafist í apríl. Húsin verða ekki byggð á staðnum heldur verða þau flutt á Ægisgarð þegar jarðvinnu lýkur. Haustið 2019 verða öll núverandi söluhús flutt af staðnum og þá verður hægt að hefjast handa við jarðvinnu og lagnavinnu. Hús tveggja aðila sem eru í rekstri allt árið verður komið fyrir yst á Ægisgarði á meðan á framkvæmdum stendur. Jarðvinnu, lagnavinnu og vinnu við undirstöður og sökkla verður lokið í nóvember og þá verða nýju húsin flutt tilbúin á staðinn. Mikilvægt er að tryggja að svæðið verði tilbúið næsta vor.

Áætlað er að 40 milljónir bætist við á þessu ári vegna breytinga, 130 milljónir voru í áætlaðar í verkið árið 2019.

Fyrirtækjum í hafsækinni starfsemi verður boðið að sækja um söluhús. Reglur um úthlutun söluhúsa voru samþykktar í Hafnarstjórn í október 2018. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:

a) Samantekt um umfang starfseminnar, svo sem fjölda farþega árið 2018, báta í rekstri o.fl.
b) Fjölda starfsmanna.
c) Rekstrartímabil, þ.e. hvort um heilsárs rekstur sé að ræða.

Drög að tímalínu:




Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna